



Nefndasvið Alþingis  
B.t. Sigríðar Önnu Þórðardóttur  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

ÓM/aa

Rvk. 22.03.2004

### Málefni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál

Samtök atvinnulífsins vísa til umsagnar sinnar um ofangreint frumvarp dags. 18. nóv. 2003 og til breytingatillagna umhverfisnefndar sama efnis. Þó að Samtökin telja tillögur umhverfisnefndar flestar til bóta þá telja þau að athugasemdir samtakanna í framangreindri umsögn hafi ekki að öllu leyti komið nægjanlega vel til skila. Því vilja Samtök atvinnulífsins hnykkja frekar á eftirfarandi atriðum.

#### Hleðslustöðvar

Í 7. gr frumvarpsins segir:

*“Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangj sem er eftir í skipinu þegar það kemur til stöðvarinnar til geymslu eða flutnings. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, um varnir gegn mengun hafsins og stranda. “*

Í umsögn SA og aðildarfélaganna var gerð tillaga um breytta skilgreiningu á orðinu hleðslustöð. Gerð var tillaga um eftirfarandi skilgreiningu:

*Hleðslustöð: Stöð þar sem strandflutningaskip eru lestuð.*

Eftir meðferð Alþingis og 2. umræðu er skilgreiningin óbreytt og eftirfarandi:

*Hleðslustöð: Stöð þar sem skip eru losuð eða lestuð.*

Umsagnaraðilar vilja áréttta að hér er nokkur munur á. Ekki er gerð athugasemd við texta lagafrumvarpsins enda er hann efnislega eins og í gildandi lögum, nr. 32/1986. Athygli er vakin á því að við meðferð gildandi laga var sérstaklega fjallað um þýðingu þessa ákvæðis og tekið fram, annaðhvort úr ræðustóli eða greinargerð, að aðstaða til móttöku olíuúrgangs frá olíuflutningaskipum beindist ekki að þeim skipum sem annast innflutning til landsins, enda sigla þau með olíublandaða kjölfestu eða olíuúrgang frá landinu, heldur beindist ákvæðið að þeim skipum sem sinna strandflutningum.

Í framkvæmd hefur það verið svo að strandflutningaskip losa ávallt olíuúrgang sinn í innflutningsbirgðastöð í Reykjavík þar sem aðstaða er til móttöku á því magni sem til fellur. Ekki er hagkvæmt eða nauðsynlegt að losa slíkt í strandstöðvum og reyndar ekki aðstaða til móttöku á því magni sem til fellur. Komi ekki til ný skilgreining eða lögskýring á þessu ákvæði, þá má túlka ákvæðið svo að eigendur olíubirgðastöðva þurfi að koma sér upp aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu eða öðrum olíuúrgangi í öllum birgðstöðvum, samtals



um 30 talsins. SA telur það ekki ætlun löggjafans og eigi ekki að felast í ákvæðinu enda myndi það fela í sér gífurlega fjárfestingu að ástæðulausu. Koma má í veg fyrir þetta með breyttri skilgreiningu.

### Móttaka úrgangsolíu

Í 7. gr frumvarpsins segir:

*“Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu.”*

Framangreint ákvæði felur í sér skyldur fyrir fjölmarga aðila, olíufélög sem og aðra, sem annast heildsölu og smásölu olíuvara. Að mati SA stangast ákvæðið við ákvæði 15. gr. laga um úrvinnslugjald, en á grundvelli þess hefur Úrvinnslusjóður með samningum falið lögaðilum og sveitarfélögum framkvæmdina og annast þessir aðilar alla þætti málsins. SA og aðildarfélög lögðu áherslu á í umsögn sinni að fjallað yrði um þetta misræmi í meðförum Alþingis, en það hefur ekki verið gert. Nauðsynlegt er að fram komi afstaða löggjafans til málsins og að til verði lögskýring sem leysi úr þeirri réttaróvissu sem ríkir.

### Lögfesting ábyrgðartryggingar

Vísað er til ákvæða 16. greinar um þá hlutlægu ábyrgð og skyldu til kaupa á váttryggingu sem þar kemur fram. Í nefndarálitinu kemur fram að ekki hafi reynst unnt að meta kostnað atvinnulífsins vegna iðgjalda ábyrgðartryggingar. Fram kemur að enginn hafi treyst sér til þess vegna óvissuþátta. Með því að fella út úr frumvarpinu heimild til þess að setja ábyrgðir eða aðrar fullnægjandi tryggingar, hverfur sá möguleiki að stofna klúbba eða bótasjóði sem greiddu fyrir tjón einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina, eins og víða tíðkast, vegna lagalegrar skyldu um töku ábyrgðartryggingar. SA telur það ekki ætlun löggjafans að lögfesta töku ábyrgðartryggingar, án þess að kostnaðargreining liggja fyrir, og útiloka þar með aðrar hugsanlegar leiðir til að ná settum markmiðum.

Umhverfisnefnd byggir á röngum upplýsingum í nefndarálitinu, þegar fram kemur að frjálsar ábyrgðartryggingar sem fyrirtæki hafi í dag taki til hlutlægrar bótaábyrgðar í mengunartjónum. Frjálsar ábyrgðartryggingar sem í boði eru bæta ekki mengunartjón sem rekja má til ásetnings, stórfellds gáleysis eða ef ekki er farið eftir opinberum fyrirmælum. Ekki er mögulegt í dag að kaupa váttryggingar gegn mengunartjónum án sakar, t.d. af völdum skemmdarverka, hamfara og fleiri þátta.

### Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu

Vísað er til breytinga á 17. grein. sem SA og aðildarfélög gera athugasemdir við, en greinin hljóðar svo:

*“Auk ákvæða 16. gr. gilda um váttryggingu olíuflutningaskipa alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.”*

Skv. þeim alþjóðlegu samningum sem vísað er til í 17. grein er að finna ákvæði sem að mati SA skuldbindur aðildarríki samningsins til að setja ekki í lög ákvæði sem ganga lengra en ákvæði samningsins mæla fyrir um. Með breytingunni kunna að vera lagðar á útgerðir skipa skuldbindingar umfram það sem ákvæði nefndra alþjóðasamninga mæla fyrir um. Erlendir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Útgerðaraðilar verða af þeim sökum ekki dæmdir á grundvelli ákvæða 17. gr. um hlutlæga ábyrgð gangi það lengra en nefndir alþjóðasamningar mæla fyrir um. Hins vegar kann innlendur útgerðaraðili að þurfa að sæta þessu ákvæði. Að mati SA er hér um misræmi að ræða og viðskiptalega hindrun gagnvart íslenskum kaupskipaútgerðum.

#### Annað

SA og aðildarfélög vísa til nefndarálits umhverfisnefndar þar sem segir:

*“Ákvæði frumvarpsins eru almenns eðlis. Nefndin lítur svo á að ákvæði sérlaga, t.d. siglingalaga, gangi framur ákvæðum frumvarpsins ef ákvæði skarast.”*

Ef þetta er álit umhverfisnefndar verður ekki skilið af hverju það komi ekki skýrt fram í lagatextanum til að eyða öllum vafa um þetta atriði.

Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að Umhverfisnefnd Alþingis taki afstöðu til framangreindra athugasemda áður en frumvarpið kemur til 3. umræðu í þinginu. Fulltrúar Samtakanna munu að sjálfsögðu mæta til fundar hjá umhverfisnefnd sé þess óskað.

Virðingarfyllt  
F.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Mariusson

Að þessu erindi stóðu auk undirritaðs:

Ólafur Jónsson, Skeljungu hf.,  
Ólafur Briem, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða  
Gestur Guðjónsson, Olíudreifingu ehf.